

## Starf æskulýðsnefndar Þráins 2009



Starfið hefur verið óvenju líflegt þetta árið. Nefndin fundaði nokkrum sinnum og tók ákvarðanir um hvað gera skyldi.

Þann 2.maí fórum við með börnin og unglingana okkar á sýninguna Æskan og hesturinn á Akureyri sem fram fór í nýju reiðhöll Léttis. Það var feiki gaman og skemmtu allir sér vel.

Seinna í maí fórum við svo í nýju skemmuna okkar og var þar haldin smá kynning á helstu atriðum sem varða reiðtygi, hvernig við eigum að umgangast þau, þrif og almenn umhirða.

Einnig var farið yfir hófhirðingu. Eftir kynninguna var svo boðið upp á pizzur og gos. Þessu var vel tekið og góð mæting.

Í byrjun júní var haldið 5 daga reiðnámskeið þar sem Oddný Lára Guðnadóttir var kennari. Aldrei hafa fleiri krakkar mætt eða 33. Námskeiðið gekk eins og í sögu og stóðu krakkarnir sig vel. Í lok síðasta kennsludags var farið í dágóðan reiðtúr með allan hópinn og bættust mömmur, þabbar, afar og ömmur við. Grillað var á leiðinni og taldist til að alls væri hópinn kominn hátt í 70 manns.

Í lok ágúst stóðum við fyrir fjölskyldureiðtúr þar sem allir voru kvattir til að mæta og koma með nesti að heiman. Mætingin var framar vonum og var þarna á ferð fólk á öllum aldri. Ein amman tók að sér leiðtogahlutverkið og var riðið hratt og örugglega. Nestið var borðað áður en lagt var af stað heim. Talað var um í lok ferðar að þetta hafi verið svo ofsalega gaman að það yrði að endurtaka þetta.

Við í æskulýðsnefnd þráins erum stoltar af starfinu þetta árið og vonum að það verði enn meira næsta ár.

Kveðja,

Steffí Lohman, formaður.

Sigríður P. Stefánsdóttir.

Soffía Daðadóttir.